



Ársskýrsla 2022-2023

Starfsáætlun Leikskólans Laugalandi 2023-2024

Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Inngangur

Í öllu starfi leikskólans er unnið eftir aðalnámskrá leikskóla og grunnþættir menntunar hafðir að leiðarljósi. Einnig er skólastefna Odda bs. höfð að leiðarljósi og koma fram í skýrslu þessari flestir þeir þættir sem meta skal. Nú er krefjandi skólaári að ljúka en það hafa verið margar áskoranir í vetur eins og svo oft áður. Veðrið hefur ekki verið að hjálpa okkur og hefur þurft að skerða skólastarf nokkrum sinnum vegna þess. Starfsfólk skólans hefur staðið sig mjög vel á þessu skólaári sýnt mikla þrautseigju oft í krefjandi aðsæðum og leyst öll verkefni með góðri samvinnu og af mikilli yfirvegum. Hér á eftir er smá samantekt á því hvernig skólaárið gekk. Niðurstöður innra mats, Þá koma upplýsingar um starfsmenn og samsetning barnahópsins síðastliðið skólaár og hlutverk foreldraráðs. Að lokum eru settar fram áherslur næsta skólaárs og starfsáætlun fyrir skólaárið 2023-2024.

Skólaárið 2022-2023

Skólaárið fór ágætlega af stað og allir fullir bjartsýni. Það var vel mannað og voru 40 börn hjá okkur í upphafi skólaárs. Síðan bættust við sex börn á skólaárinu. Þannig að 1. maí voru 46 nemendur við skólann.

Faglegt starf gekk nokkuð vel og gekk þökkalega að fylgja starfsáætlun skólaársins. Ennþá er verið að vinna að þeim þáttum sem ekki voru fullkláraðir í umbótaáætlun vegna ytra mats sem framkvæmt var í lok apríl 2021 af Menntamálastofnun. Það eina sem stendur út af er gerð námsmatshandbókar (er samt langt komin) og ferli uppeldislegra skráninga á framförum barna. Einnig er hafin vinna við að skoða aðbúnað og nýtingu rýmis á Laugalandi. Þegar þessum þáttum verður lokið höfum við uppfyllt allt sem sett var á umbótaáætlun

Að vanda var lögð áhersla á góða umönnun og öryggi allra barna og frjálsan leik. Einnig var unnið að því að börnin væru virkir þátttakendur og hlustað á hvað þau höfðu til málanna að leggja og haldnir „barnafundir“ en það er einn liður í „Jákvæðum aga“ sem við höfum verið að innleiða hægt og rólega síðastliðin tvö ár. Unnið var markvisst með Lubba sem er málörvunarefni og kennir íslensku mállhjóðin, Blæ sem er vináttuverkefni og forvörn gegn einelti, yoga og hugarfrelsi og ýmislegt fleira. Reglulega er farið í útikennslu „úti er ævintýri“ og einnig var farið í læsisátak með þátttöku foreldra fyrir jóla. Það er áhyggjuefni að hluti foreldra virðast vera farnir að lesa mun sjaldnar fyrir börn sín. Útivera er daglega og er yfirleitt farið út tvisvar á dag ef veður leyfir.

Það var mikil áskorun á sínum tíma að skipuleggja leikskólastarfið þegar kom til styttingar vinnuvikunnar og þegar KÍ fólk fékk aukinn undirbúning og hafa þær áskoranir haldið áfram þetta skólaár. Í leikskólanum var ákveðið að taka 5 mínútur af kaffitímum í styttingu og safna þeim saman með 13 mínútunum. Þannig áttu starfsmenn í 100% vinnu um 6,6 klst á mánuði í styttingu eða um það bil einn dag á sex vikna fresti. Þessi tilhögun hefur verið endurskoðuð nokkrum sinnum og ákveðið að halda henni áfram. Stytting í því formi sem kjarasamningar segja til um er alls ekki að henta í leikskólastarfi og veldur bara meiri þunga og álagi í starfi.

Sú hugmynd hefur komið upp að leikskólanum yrði lokað á milli jóla og nýárs og fólk gæti þá tekið styttingu út eða ótekið sumarfrí. Það gæti létt á starfinu yfir veturinn þar sem ekki væri undirmannað dag og dag þegar starfsmaður er frá vegna styttingar eða sumarfrís. Þá gætu starfsmenn „hlaðið batteríin“ en að vinna á leikskóla er krefjandi starf. Þetta væri ekki síður gott fyrir börnin en þau þurfa líka tíma til að hvíla sig og vera með fjölskyldum sínum. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að mjög fá börn eru að nýta þessa fáu daga sem eru á milli hátíða.

Áætlað var að taka fjögur snerpu starfsmannasamtöl á skólaárinu en aðeins náðist að taka eitt í nóvember. Annað næst vonandi fljótlega. Í samtölum er farið yfir líðan starfsmanna, starfsanda, liðsheild og styrkleika og eitthvað sem starfsmaður vill ræða. Fyrir seinna viðtalið hafa starfsmenn fengið punkta til íhugunar varðandi líðan þeirra sem er þáttur í að skoða og meta eigin starfshætti í daglegu starfi.

Á þessu skólaári höfum við haldið áfram að innleiða stefnu „Jákvæðs aga“ og hefur það gengið vel. Stofnað var innleiðingarteymi, skipað fjórum starfsmönnum sem hefur það hlutverk að fylgja efninu eftir halda því vakandi og velja þá þætti sem við æfum okkur í að vinna með hverju sinni. Einnig er fræðsluefni sent til foreldra en þannig geta skóli og heimili verið samstíga í

jákvæðri vinnu með börnunum. Boðið var upp á fyrirlestur um Jákvæðan aga fyrir foreldra sem var því miður illa sóttur.

Í skólanum eru þó nokkur börn sem þurfa sérstakan stuðning. Unnið hefur verið markvisst að því að setja upp sjónrænt skipulag og skipulögð vinnubrögð sem eru byggð á hugmyndafræði Teacch.

Haldið var áfram með nemendaverndarráðsfundi (NEVER) á þessu skólaári en hlutverk þeirra er að samþætta stoðþjónustu í þeim tilgangi að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu. Í ráðinu sitja tveir fulltrúar frá leikskóla, einn frá skólaþjónustu, einn frá heilsugæslu og einn frá félagsþjónustu. Fjórir fundir voru haldnir á skólaárinu.

Á þessu skólaári fékk leikskólastjóri kynningu á framkvæmd og framgangi farsældar barna hjá Barna og fjölskyldustofu. Hann er einnig skráður tengiliður og fékk kynningu um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Margir lausir endar eru ennþá varðandi framkvæmd en á næsta skólaári þarf að leysa þá og skrá einhvern starfsmann í það hlutverk og skilgreina það betur.

Starfsdagar voru mikið notaðir til fræðslu og funda. Þann 19. ágúst var fræðsludagur fyrir starfsmenn Odda og annara starfsmanna sveitarfélaganna. Þar sem voru fyrirlestrar um öflugna liðsheild og jákvæð samskipti og heilsueflingu. 19. september var Herdís Storgaard með skyndihjálparnámskeið fyrir alla starfsmenn leikskólans ásamt starfsmenn Heklukots. 14. október var haustþing FL og FSL en þar var boðið upp á fjölbreytta fræðslu sem starfsmenn gátu valið s.s. farsæld barna, hinsegin kynsegin fræðslu, sköpun og gleði og svo voru kynnt fyrir okkur dyggðarkort. Allir fóru síðan á fyrirlestur um stress og mikilvægi þess að nýta sér stressið til góðs og hjálpar í stað þess að láta það taka yfirhöndina. 14. nóvember var nýttur til funda og skipulags á starfi skólans. Starfsdagur var 2. janúar og voru starfsmenn búnir að vinna hann af sér með kvöldfundum. Öskudag þann 22. febrúar var hálfur starfsdagur og var hann að mestu nýttur til að undirbúa foreldraviðtöl. Tveir starfsdagar voru síðan 19. og 21. apríl og voru þeir notaðir í náms- og kynnisferð til Danmerkur. Tólf starfsmenn af 16 tóku þátt í ferðinni og skoðaðir voru þrjár skólar og ein stofnun sem svipar til Barnaheilla hérna heima. Ætlunin með ferðinn var að kynna okkur fjölbreytt uppeldis- og leikskólastarf. Fyrst kynntum við okkur bakgrunn og þróun stofnunarinn „Mary fonden“ sem hefur þróað verkefnið „fri for mobberi“ en okkar leikskóli hefur tekið þátt í því forvarnarverkefni (Save the children á Íslandi) og vinnur með Blæ. Síðan heimsóttum við „Nordtoftegaard“. Áhersla hjá þeim er „líf barna“. Þar er leitast við að mæta börnunum þar sem þau eru stödd og hversdagurinn skipulagður út frá þörfum barnahópsins eins og hann er hverju sinni. Hvert barn þarf vin og hugað er að því að styrkja og þroska félagsfærni. Sérstaða skólans er að farið er daglega með barnahóp frá höfuðborginni í rútu upp í sveit og er verið úti í náttúrunni meira og minna allan daginn. Uppeldislegt starf fer fram m.a. í rútuferð sem tekur um það bil 50 mínútur. Þá skoðuðum við „Krudthuset“ sem er bæði vöggustofa og leikskóli. Þessi skóli er sá næst stæðsti í Kaupmannahöfn. Flott bygging á tveimur hæðum. Þeirra gildi byggjast á húnor, samfélagi, jákvæðu fólki og lífsviðhorfi, skuldbindingu, ígrundun og umburðarlyndi. Skólinn vinnur einnig með verkefnið Fri for mobberi eins og við. Einnig heimsóttum við „Carlsvogren“ sem er bæði vöggustofa og leikskóli. Grunnþættir þess skóla eru m.a að vinna með: sjónarhorn og skoðanir barnanna, leik og nám, félagslega hæfni, börn í viðkvæmri stöðu, samvinna við foreldra og færsla milli skólastiga. Leiksvæði skólans er náttúrulegt, „naturlegeplads“ og einnig eru þeir með litla rútu til stuttra ferðalaga. Þeir fá afnot af rútu þar sem stofnunin hefur tekið inn fimm ekstra börn ofan á leyfðan fjölda og þá er hægt að fara í ferðir með hluta leikskólabarnanna. Þessi ferð var

mjög lærdómsrík og fengu starfsmenn margar góðar hugmyndir sem hafa nú þegar byrjað að skila sér inn í leikskólastarfið. Einnig var ferðin gott hópefli og staðfesting á að við erum sjálf að gera marga góða hluti í okkar leikskóla.

Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

Í leikskólanum er sífellt verið að meta starfið með fjölbreyttum hætti. Starfsmannasamtöl eru haldin öllu jöfnu þar sem farið er yfir líðan og starf viðkomandi einstaklings, það metið og ákvarðanir varðandi áframhaldandi starf teknar. Síðan eru haldnir deildarstjórafundir, deildarfundir, fagfundir og starfsmannafundir þar sem sífellt er verið að meta og þróa starfið. Einnig eru haldin foreldrasamtöl a.m.k. einu sinni á ári og oftast ef þörf krefur. Gerð hefur verið langtímaáætlun um hvaða þættir eru metnir hverju sinni.

Innra mats könnun er lögð fyrir starfsfólk, foreldra og börn að vori (apríl-maí) og ef ekki næst 80% ánægja með þá þætti sem spurt er um þá fer það á umbótaáætlun. Sett markmið til umbóta, aðgerðir til umbóta, tímaáætlun, ákveðnir ábyrgðaraðilar, hvernig staðið er að endurmati og viðmið um árangur.

Starfsmannakönnun – úrvinnsla vor 2023

Sjálfsmat var lagt rafrænt fyrir starfsmenn í lok apríl. Spurningalistinn var sendur á 15 starfsmenn og svöruðu allir eða 100% starfsmanna. Þættir sem spurt var um að þessu sinni voru: uppeldis- og menntastarf, leikskólabrag og stjórnun. Þeir þættir sem ekki ná 80% ánægju eru settir á umbótaáætlun og þarf því 3 óánægða starfsmenn sem eru ósammála til þess að það sem spurt er um fari á umbótaáætlun.

Öllum starfsmönnum finnst samskipti starfsmanna við börnin á deildunum einkennast af virðingu, jákvæðni og kurteisi og telja einnig að börnin eigi jákvæð samskipti sín á milli. Einnig eru allir sammála því að börnum og foreldrum sé heilsað þegar þau koma í leikskólann og þegar þau eru kvödd í lok dags. Allir starfsmenn telja að það ríki góður starfsandi í vinnunni og öllum nema einum líður vel þar. Þegar spurt er um hvort viðhorf starfsfólks til foreldrasamstarfs einkennist af jákvæðni, virðingu og nærgætni telja flestir svo vera en tveir eru þó ekki alveg sammála því. Allir upplifa foreldra jákvæða í garð leikskólans og að trúnaður ríki milli foreldra og starfsmanna og allir starfsmenn upplifa að það ríki trúnaður innan starfsmannahópsins. Allir eru stoltir af vinnustaðnum og segja að starfsandinn sé góður en einn telur að starfsandi sé ekki góður hjá einum starfsmanni. Spurt var um hvort leikskólastjóri leggi rækt við samskipti við starfsfólk í daglegu starfi og telja allir að svo sé og það sama gildir um deildarstjórana. Tveir starfsmenn telja að deildarfundir nýtist ekki vel og segir annar þeirra að rætt sé um að breyta hlutum en svo gleymist að framkvæma það. Flestir telja að deildarstjórar miðli upplýsingum frá foreldravíðtölum en fjórir segjast ekki vita það. Þá var spurt hvort deildarstjóri/hópstjóri/umsjónarmaður sérkennslu miðli upplýsingum um sérþarfir barna á deildunum og telja allir að svo sé en einn segist ekki vita það. Allir telja að unnið sé eftir skólanámskrá leikskólans en einn segist ekki vita það. Tveir starfsmenn eru ekki sammála því að deildarstjóri komi skilaboðum og breytingum til skila og einn starfsmaður telur að starfsmannafundir séu ekki gagnlegir. Allir telja að deildarstjórar hafi góða yfirsýn yfir málefni deildanna. Starfsmenn eru sammála um að velferð barnanna sé ávallt höfð að leiðarljósi í leikskólastarfinu og að það sé litið á leiki barnanna sem náms- og þroskaleið. Einnig telja allir að sjálfstæði barnanna sé eflt í starfinu með því að þau fái að gera hlutina sjálf. Flestir telja að vinnuaðferðir allra sem

starfa með börnunum séu samræmdar en þó er einn ósammála því og þrír segjast ekki vita það. Þá kom opin spurning um hvar starfsmenn teldu börnin vera áhugasömumust í daglegu starfi. Flestir töldu að þau væru áhugasömumust í útiveru, skapandi starfi, í leik, tónlist, íþróttum, Lubba og að smíða. Allir nema einn telja að efniviður bjóði upp á fjölbreytta leiki og skapandi hugsun. Þrír telja að umhverfi á útisvæði hvetji ekki til skapandi leiks og því þarf að skoða það nánar og setja á umbótaráætlun. Þá var skrifað að það þyrfti stærri skúra á leikvelli og það vantaði meira á stóra grasvöllinn. Einn skrifar að leikföngin séu ekki aðgengileg fyrir börnin í kofanum. Allir nema einn telja að börnin læri undirstöðuatriði heilbrigði og vellíðunar ásamt sjálfbærni og vísindi. Tveir telja að börnin læri ekki um sköpun og menningu en aðrir telja þau læra það. Allir eru sammála því að börnin læri um læsi og samskipti. Þegar spurt var um hvort leiksvæði væri í lagi eru sex starfsmenn ósammála því að svo sé svo og tengist þetta spurningunni um hvort leiksvæði hvetji til skapandi leiks sem fer á umbótaáætlun. Allir telja að nýliðar fái góða aðlögun og tilheyrandi leiðsögn en þrír segjast ekki vita það.

Í lok kannanarinnar var textabox ef starfsmenn vildu koma einhverju á framfæri og var skrifað:

- *Flottur leikskóli*
- *Er mjög glöð í vinnuna og finnst gott að komma í vinnuna*
- *Aldrei of mikið af upplýsingum og einnig ef vafi er um velferð, líðan eða þroska barns á það að njóta vafans. Reyna að nálgast foreldra út frá því sjónarhorni.*
- *Góður vinnustaður*
- *Mætti fara yfir leik dót í kofanum og yfirfara leiksvæðið*

Eftir síðasta skólaár 2022-2023 var ekkert sett á umbótaáætlun

Umbótaáætlun vor 2023

Markmið	Leiðir	Tímamörk	Ábyrgðarmaður	Viðmið/Árangur
Gera umhverfi á útisvæði meira hvetjandi til leiks og bæta leiksvæði	Setja fleiri leiktæki á stóra útisvæði. Kofa á stóra svæði þar sem efniviður er aðgengilegur börnunum	Skólaárið 2023-2024	Leikskólastjóri/eignaumsjón	Innra mat vor 2024

Foreldrakönnun Holt – úrvinnsla vor 2023

Sjálfsmat var lagt rafrænt fyrir foreldra 21 barna í Holtum í apríl og var svörun 50% (sent var á 36 netföng og komu svör frá 18). Þættir sem spurt var um að þessu sinni voru: uppeldis- og menntastarf, leikskólabragur, stjórnun og þeir þættir sem hefðu verið á umbótaáætlun en það fór ekkert frá þessari deild á umbótaáætlun síðastliðið vor. Þeir þættir sem ekki ná 80% ánægju

fara á umbótaáætlun og þarf í þessari könnun fjóra foreldra sem eru ósammála til þess að það sem spurt er um fari á umbótaáætlun.

Allir foreldrar eru sammála því að börnin þeirra séu ánægð í leikskólanum og það sé vel tekið á móti þeim að morgni og þau séu kvödd hlýlega í lok dags. Foreldrar telja sig vera velkomin í leikskólann og eru allir ánægðir með samskipti starfsmanna við börnin. Allir telja að námið sem börnin fá samræmist þeim væntingum sem þeir hafa til leikskólans en eitt foreldri segist ekki vita það. Foreldrar telja að starfsmenn bregðist við ábendingum og beiðnum þeirra varðandi börnin en þrír svara að þeir viti það ekki og einn skrifar að stundum þurfi að ítreka ákveðnar beiðnir. Eitt foreldri er ósammála því að það fái upplýsingar varðandi líðan barns síns í leikskólanum en allir hinir telja sig fá þær. Öllum foreldrum finnst mikilvægt að leikskólinn fái upplýsingar um breytingar á högum/líðan barnanna. Langflestir foreldrar eru ánægðir með upplýsingastreymi frá deildinni en eitt foreldri er ósammála að svo sé og telur að gott væri að nota smáforrit eins og Karellen til þess að fá upplýsingar svo ekki þurfi að fá upplýsingar hjá starfsmönnum í lok dags. Flestir foreldrar telja að þeir séu látnir vita ef eitthvað kemur upp á varðandi börn þeirra í leikskólanum en þrír segjast ekki vita það. Spurt var um hvar foreldrar telji sig fá helstu upplýsingar um skólastarfið og töldu langflestir sig fá upplýsingar beint frá starfsmönnum og facebookhópnum. Síðan með tölvupósti, skóladagatali, upplýsingatöflu og skólanámskrá. Allir foreldrar telja sig eiga góð samskipti við deildarstjóra og starfsfólk á deildinni og allir nema einn telja sig eiga góð samskipti við leikskólastjóra. Spurt var um kynningu á nýju starfsfólki og var eitt foreldri ekki ánægt með hana og sex töldu sig ekki vita það. Allir foreldrar telja foreldraviðtöl mikilvæg og voru ánægðir með síðasta viðtal. Fimm foreldrar af þeim 18 sem svöruðu vita ekki hvort foreldrafundur að hausti sé mikilvægur en hinir 13 töldu hann mikilvægan. Spurt var um hvort foreldrum finndist að starfsfólk kæmi til móts við umönnunarþörf barna sinna og voru allir sammála um að svo væri en einn veit það ekki. Eitt foreldri er óánægt með matseðil skólans en hinir eru ánægðir. Allir eru ánægðir með þær aga- og hegðunareglur sem notaðar eru í leikskólanum og eitt foreldri telur að jákvæði aginn sé góður. Fjórir foreldrar vita ekki hvort þeir fái tækifæri til að ræða um hvernig unnið er saman að uppeldi barna þeirra en allir hinir telja að þeir fái tækifæri til þess. Þrír foreldrar vita ekki hvort námsefni leikskólans sé við hæfi en allir hinir telja að svo sé. Eitt foreldri er óánægt með húsnæði og leikaðstöðu leikskólans innandyra og telur að það sé þröngt og hljóðbært milli rýma, tveir vita ekki hvort þeir séu ánægðir með húsnæði leikskólans en allir hinir eru ánægðir. Spurt var um leikaðstöðu utandyra og eru þrír óánægðir með hana og nefna þeir allir að það vanti gróður eða gras og jafnvel landslag á litla leikvöllinn þar sem ynstu börnin eru mest. Þegar spurt er um umferðaröryggi við skólann telja allir nema einn að það sé í lagi. Allir foreldrar eru ánægðir með stjórnun deildarinnar og að auðvelt sé að ná sambandi við deildarstjóra. Foreldrar telja að auðvelt sé að ná sambandi við leikskólastjóra og eru allir nema einn ánægðir með stjórnun leikskólans. Langflestir foreldrar telja samvinnu við grunnskólann góða og eru einnig ánægðir með dagskipulag deildarinnar, þó eru þrír sem telja sig ekki vita það. Allir foreldrar nema eitt hefur kynnt sér skóladagatal leikskólans og þrettán hafa kynnt sér skólanámskrána og telja tólf þeirra hana vera skýra og greinargóða.

Að lokum var opin spurning þar sem foreldrar gátu tekið fram með hvað þeir eru sérstaklega ánægðir með í leikskólanum eða hvort eitthvað mætti betur fara. Eða láta eitthvað annað koma fram.

- *Ábending - þegar ég var með barnið mitt í aðlögun var sagt við okkur foreldrana “þið verðið að hafa það meira á gólfinu heima”, sem var nákvæmlega það sem við gerðum heima. Barnið var ósátt í aðlögunni og óöruggt og því ekki skritið að það væri að sækja í starfsfólk og öryggi með því að vera í fanginu á því. Fannst leiðinlegt að það væri verið að áætla hvernig heimilislífið hjá okkur væri, frekar en að spyrja hvort barnið væri mikið í fangi - og ef svo væri að þá hefði mátt koma með ráðleggingar. Þetta er ekki eins dæmi hjá okkur, lentum svo aftur í atviki þar sem var verið að áætla hvernig heimilislífið okkar væri og ráðlagt út frá því, en heimilisaðstæðurnar voru bara alls ekki eins og áætlað var. Það sem ég er þá að meina að mér þætti það betra að það yrði spurt fyrst og svo gefnar ráðleggingar. Annars er ég þakklát að það lítur amk þannig út að starfsfólki sem annt um börnin, það hefur mikið að segja.*
- *Starfsfólk alveg frábært.*
- *Það þarf að endurnýja leikskólastjóra - alltof mikill kassi.*
- *Vikulegar heimsóknir prests í leikskólann eru á engan hátt í lagi. Einu ákveðnu trúarbragði á ekki að vera hampað á þennan hátt umfram önnur. Þeir foreldrar sem vilja ættu að geta sótt í sunnudagaskóla á vegum kirkjunnar utan skólatíma. Slikt á ekki að fara fram á vistunartíma barna í leikskólanum og taka því sem gefnu að allir í samfélaginu tilheyri sama trúfélagi og ali börnin sín upp með það að leiðarljósi. Annars finnst mér starfsemi skólans til fyrirmyndar, mér líður vel vitandi af barninu mínu í skólanum, meðal starfsfólks sem ég treysti fullkomlega ♥*
- *Sund og jákvæðan aga. Reyna að fara alla daga eitthvað út.*
- *Sérstaklega ánægð með hvað henni líður vel á leikskólanum og vel tekið á móti henni.*
- *Meiri tónlist og fá lagalista sendan heim væri geggjað!*
- *Takk fyrir að hugsa vel um barnið mitt.*
- *Er ánægð með jákvæðan aga.*
- *Gaman að fá myndir úr skólastarfinu! Væri gaman að fá oftast myndir*
- *Er mjög ánægð með leikskólann - t.d ánægð með að barnið mitt fái að kynnast því að fara í sund með jafnöldrum sínum.*
- *Starfsfólkið virðist vera afbragðs gott og vona ég innilega að mórallinn sé góður. Vonandi sér núverandi hópur fyrir sér að að starfa til lengri tíma á leikskólanum.*
- *Heilt yfir mjög sátt.*

Ekkert var á umbótaáætlun á þessari deild frá síðasta ári og ekkert sett á umbótaáætlun fyrir næsta skólaár en það þarf samt að huga að útisvæðinu en það kom lakast út þar sem þrír foreldrar eru ekki ánægðir með það eða 17% foreldra sem svara.

Foreldrakönnun Land – úrvinnsla vor 2023

Sjálfsmat var lagt rafrænt fyrir foreldra 25 barna í Landi í apríl og var svörun aðeins 36% (sent var á 39 netföng og komu svör frá 14). Þættir sem spurt var um að þessu sinni voru: Uppeldis- og menntastarf, leikskólabragur, stjórnun og þeir þættir sem voru settir á umbótaáætlun. Þeir þættir sem ekki ná 80% ánægju fara á umbótaáætlun og þarf í þessari könnun þrjá foreldra sem eru ósammála til þess að það sem spurt er um fari á umbótaáætlun.

Allir foreldrar telja að börnin þeirra séu ánægð í leikskólanum og að vel sé tekið á móti börnunum í upphafi dags og þau kvödd hlýlega. Einnig telja allir foreldrar að þeir séu velkomnir í leikskólann. Allir eru ánægðir með samskipti starfsfólks við börnin. Tveir foreldrar

telja að nám barnanna sem þau fá í leikskólanum samræmist ekki þeim væntingum sem þeir hafi til skólans og tveir vita það ekki en allir aðrir telja að svo sé. Allir nema einn telja að starfsfólk bregðist við ábendingum eða beiðnum varðandi börnin en einn veit það ekki. Tveir telja að þeir fái ekki upplýsingar um líðan barnanna í leikskólanum og tveir vita það ekki. Hinir telja þessa þætti í lagi. Öllum foreldrum finnst mikilvægt að leikskólinn fái upplýsingar um breytingar á högum/líðan barnanna. Flestir eru ánægðir með upplýsingastreymi frá leikskólanum en þó eru þrír sem ekki eru ánægðir og telja að það mætti vera meira og tveir vita það ekki. Þetta þarf því að fara á umbótaáætlun. Spurt var um hvar foreldrar leiti helst að upplýsingum um starfsemi skólans og þar kemur fram að flestir nýta sér lokaða facebooksíðu skólans, síðan eru dagleg samskipti við starfsfólk, skóladagatal og upplýsingatafla í leikskólanum. Þar á eftir skólanámskráin og heimasíða leikskólans. Flestir foreldrar telja að þeir séu látnir vita ef eitthvað kemur uppá varðandi börnin á leikskólatíma en þó eru þrír sem telja að svo sé ekki og eitt foreldri veit það ekki. Þetta þarf því líka að fara á umbótaáætlun. Tveir foreldrar telja sig ekki eiga góð samskipti við leikskólastjóra og eitt á ekki góð samskipti við deildarstjóra og telur að þau mættu vera meiri. Allir aðrir foreldrar eru ánægðir með þessi samskipti. Eitt foreldri veit ekki hvort það á góð samskipti við starfsfólk deildarinnar en hinir telja samskiptin góð. Flestir eru ánægðir með kynningu á nýju starfsfólki, fjórir vita það ekki og einn telur að kynning sé ekki nægjanlega góð. Allir nema einn telja að foreldraviðtöl séu mikilvæg. Allir eru ánægðir með síðasta foreldraviðtal en fjórir vita það ekki þar sem þeir segja að makinn hafi farið í viðtalið. Einu foreldri finnst foreldrafundur að hausti ekki mikilvægur og tveir vita það ekki. Aðrir telja að foreldrafundur að hausti sé mikilvægur. Öllum foreldrum nema einu finnst starfsfólk koma til móts við umönnunarþörf barna sinna. Ánægja er með matseðil leikskólans en þó er eitt foreldri óánægt með hann. Varðandi samskipta- og hegðunarreglur sem notaðar eru í leikskólanum eru flestir foreldrar ánægðir með þær. Einn er þó óánægður og þrír vita það ekki. Flestir telja að þeir fái tækifæri til að ræða við starfsfólk leikskólans um hvernig þeir vinna saman að uppeldi barna sinna en tveir telja að svo sé ekki og þrír segjast ekki vita það. Eitt foreldri telur að námsefni leikskólans sé ekki við hæfi barnsins en aðrir telja að svo sé. Allir nema einn eru ánægðir með húsnæði leikskólans og leikaðstöðu innandyra. Nokkur óánægja er með leikaðstöðuna utandyra en fimm telja hana ekki góða og eru athugasemdirnar að litli völlum sé of lítill og einhæfur og stærri völlum nýtist illa. Þetta þarf að skoða og fer á umbótaáætlun. Varðandi umerðaröryggi þá telja þrír að það sé ekki í lagi og skrifa athugasemd um að það eigi eftir að mála og merkja bílaplan fyrir framan skólann. Það þurfi að laga hellur og kant bak við skólann og skerpa á við foreldra að slökkva á bílum á meðan farið er inn með börn í leikskólann. Einn veit ekki hvort umferðaröryggið sé í lagi en aðrir virðast sáttir. Allir eru ánægðir með stjórnun deildarinnar og að auðvelt sé að ná í deildarstjóra. Tveir foreldrar eru ekki ánægðir með stjórnun skólans en aðrir segjast ánægðir. Allir telja auðvelt að ná í leikskólastjóra en þrír segjast ekki vita það. Einnig telja allir að samvinna leik- og grunnskóla sé góð en einn veit það ekki og allir eru ánægðir með dagskipulag deildarinnar en tveir segjast ekki vita það. Allir nema einn hafa kynnt sér skóladagatal leikskólans en aðeins sex af þeim sem svara hafa kynnt sér skólanámskrána. Fimm telja skólanámskrána skýra og greinargóða en eitt foreldri er því ekki sammála. Það má taka fram að það er hægt að sjá í könnuninni að það virðist alltaf vera sama foreldri sem er óánægt með marga þætti í svörum sínum en engin skýring í hverju óánægjan felst.

Að lokum var opin spurning þar sem foreldrar gátu tekið fram með hvað þeir eru sérstaklega ánægðir með í leikskólanum eða hvort eitthvað mætti betur fara. Eða láta eitthvað annað koma fram. Eftirfarandi var skrifað:

- *Yndislegt starfsfólk!*
- *Sérstaklega ánægð með hvað henni virðist líða vel á leikskólanum, ofast spennt að fara og leika við vini sína þar.*
- *Er mjög ánægð með stefnuna um Jákvæðan aga. Mætti vera meiri endurgjöf varðandi barn, bæði það sem gengur vel og það sem gengur ekki eins vel.*
- *Stundum þegar ég er að sækja þá hafa fleiri en einn starfsmaður verið að ræða við aðra foreldra um hegðun/líðan/uppákomur þeirra barna svo aðrir heyri í fataklefanum. Hafa verið atvik sem ég myndi ekki vilja að aðrir myndu heyra af mínu barni. Getur verið óþægilegt fyrir marga.*

Umbótaáætlun vor 2022 – foreldrar Landi

<i>Markmið</i>	<i>Leiðir</i>	<i>Tímamörk</i>	<i>Ábyrgðarmaður</i>	<i>Viðmið/Árangur</i>
Bæta leikaðstöðu utandyra	Setja fleiri leiktæki/efnivið til leikja á stóra útisvæði.	Haust 2022	Eignaumsjón/ leikskólastjóri	Innra mat vor 2023 Ekki komið



Umbótaáætlun vor 2023 – foreldrar Landi

<i>Markmið</i>	<i>Leiðir</i>	<i>Tímamörk</i>	<i>Ábyrgðarmaður</i>	<i>Viðmið/Árangur</i>
Bæta leikaðstöðu utandyra	Setja fleiri leiktæki/efnivið til leikja á stóra útisvæði.	Haust 2023	Eignaumsjón/ leikskólastjóri	Innra mat vor 2024
Að foreldrar fái meiri upplýsingar frá skólastarfinu	Bæta upplýsingastreymi frá deildinni. Senda oftast fréttir og myndir	Haust 2023	Deildarstjóri	Innra mat vor 2024
Að foreldrar séu látnir vita ef eitthvað kemur upp á á leikskólatíma	Að hafa samband við foreldra ef eitthvað kemur upp á á skólatíma. Hringja í foreldri eða samtali þegar barn er sótt.	Haust 2023	Deildarstjóri	Innra mat vor 2024
Bæta umferðaröryggi	Það á eftir að mála og merkja bílplan fyrir framan skólann. Laga	Haust 2023	Eignaumsjón/ leikskólastjóri	Innra mat vor 2024

	hellur og kant bak við skólann og biðja foreldra um að slökkva á bílum þegar þeir fara inn með börn sín			
--	---	--	--	--

Sjálfsmat - Guli hópur elstu börn leikskólans

Elsti árgangur var spurður hvernig þeim liði í hinum ýmsu stundum í leikskólanum og einnig könnuðum við hvort börnin upplifðu hvort þau fái að hafa áhrif á nám sitt. Börnin gátu valið að merkja við einn broskall en þrír mismunandi „broskallar“ voru í boði. Með brosandí munn, flatan munn, eða leiðan. Svör barnanna var síðan sett upp í súlurit.



Elstu börnin voru síðan spurð hvað þeim þætti skemmtilegast í leikskólanum og hvort eitthvað væri erfitt? Einnig var spurt hver uppáhaldmaturinn þeirra væri.

Svör barna í Gula hóp

Barn 1

Hvað finnst þér skemmtilegast í leikskólanum? *Leika.*

Er eitthvað sem er leiðinlegt/erfitt? *Synda.*

Hver er uppáhalds maturinn þinn? *Hvítur fiskur stappaður með kartöflu og tómatsósu.*

Barn 2

Hvað finnst þér skemmtilegast í leikskólanum? *Leika í playmó, legó, skoða bók, horfa, íþróttir og sund.*

Er eitthvað sem er leiðinlegt/erfitt? *Að fara út í kuldagalla, gera verkefni, spjalla.*

Hver er uppáhalds maturinn þinn? *Steiktur fiskur.*

Barn 3

Hvað finnst þér skemmtilegast í leikskólanum? *Leika með legó.*

Er eitthvað sem er leiðinlegt/erfitt? *Föndur.*

Hver er uppáhalds maturinn þinn? *Grjónagrautur.*

Barn 4

Hvað finnst þér skemmtilegast í leikskólanum? *Úti er ævintýr (útikennsla).*

Er eitthvað sem er leiðinlegt/erfitt? *Að vera ekki að gera neitt.*

Hver er uppáhalds maturinn þinn? *Grjónagrautur.*

Barn 5

Hvað finnst þér skemmtilegast í leikskólanum? *Leika með vinum mínum, tónlist.*

Er eitthvað sem er leiðinlegt/erfitt? *Fara út í útiveru.*

Hver er uppáhalds maturinn þinn? *Allur maturinn.*

Barn 6

Hvað finnst þér skemmtilegast í leikskólanum? *Föndra, lita, mála, tónlist, leika með legó.*

Er eitthvað sem er leiðinlegt/erfitt? *Íþróttir, hvíld.*

Hver er uppáhalds maturinn þinn? *Pasta, spagetti og hakk og brokkolí, blómkál, kartöflur og fiskur.*

Barn 7

Hvað finnst þér skemmtilegast í leikskólanum? *Fara í dagskólann, tónlist og skólaheimsókn.*

Er eitthvað sem er leiðinlegt/erfitt? *Þegar einhver er að stríða mér, það gerðist einu sinni.*

Hver er uppáhalds maturinn þinn? *Steiktur fiskur, kjötbollur og fiskibollur.*

Barn 8

Hvað finnst þér skemmtilegast í leikskólanum? *Fara í sund, íþróttasalinn, skólaheimsóknir, lita og prenta, spila á hljóðfæri.*

Er eitthvað sem er leiðinlegt/erfitt? *Samverusund, sakna afa xxx.*

Hver er uppáhalds maturinn þinn? *Grjónagrautur, pizza, hamborgari og pulsa.*

Barn 9

Hvað finnst þér skemmtilegast í leikskólanum? *Lita og fönndra, bókasafn, Blær.*

Er eitthvað sem er leiðinlegt/erfitt? *Stundum að fönndra.*

Hver er uppáhalds maturinn þinn? *Kjötbollur, brauðbollur, lasagna, pizza og fiskibollur.*

Barn 10

Hvað finnst þér skemmtilegast í leikskólanum? *Leika með dúkkur og legó.*

Er eitthvað sem er leiðinlegt/erfitt? *Þegar einhver er að taka af.*

Hver er uppáhalds maturinn þinn? *Pizza.*

Barn 11

Hvað finnst þér skemmtilegast í leikskólanum? *Fara út á svalir, úti er ævintýri.*

Er eitthvað sem er leiðinlegt/erfitt? *Vera í Lubba.*

Hver er uppáhalds maturinn þinn? *Kjúklingasúpa.*

Barn 12

Hvað finnst þér skemmtilegast í leikskólanum? *Horfa, leika, leika með risaeðlu, spila á hljóðfæri.*

Er eitthvað sem er leiðinlegt/erfitt? *Borða matinn stundum, þegar einhver er leiðinlegur.*

Hver er uppáhalds maturinn þinn? *Pizza.*

Farið verður yfir niðurstöður með starfsmönnum og foreldraráði og gerð umbótaáætlun fyrir þá þætti sem koma ekki nægjanlega vel út. Farið verður yfir ábendingar og rætt hvernig við getum gert gott starf enn betra.

Starfsmenn

Þann 1. maí starfa við skólann 17 starfsmenn með leikskólastjóra og ræstingu. Stöðugildi þeirra sem vinna á deildum eru samtals 12,16. Stjórnun er eitt söðugildi og síðan er stöðugildi umsjónarmanns sérkennslu hálf stöðugildi. Samtals 13,66 auk ræstingar sem teljast hálf stöðugildi.

Auk leikskólastjóra eru aðeins tveir fagmenntaðir leikskólakennarar við skólann í samtals 1,7 stöðugildi og með leikskólastjóra eru það 2,7 stöðugildi sem er 16,8%. Þrír aðrir starfsmenn eru háskólamennaðir. Einn er uppeldis- og menntunarfræðingur annar með Bed í leikskólafræðum og sá þriðji er iðjuþjálfari og eru þeir í samtals 1,75 stöðugildum. Að fá iðjuþjálfara inn í skólann með sína menntun og sýn var góð viðbót við leikskólastarfið sem veitir góðan stuðning. Einn starfsmaður er í þroskaþjálfanámi og stefna tveir starfsmenn á að fara í nám næsta vetur. Hlutfall erlendra starfsmanna hefur hækkað töluvert en nú vinna 5 erlendir starfsmenn við skólann frá fjórum mismunandi löndum.

Áætluð starfsmannabörf næsta vetur á deild miðað við þær upplýsingar sem ég hef núna er um 11. Auk þess þarf að auka stjórnunarhlutfall og verður óskað eftir að fá að ráða aðstoðarleikskólastjóra í 50% starf til að styðja við stjórnun skólans.

Ekki hefur verið mikið um endurmenntun á sl. skólaári en þó hafa nokkrir starfsmenn farið á námskeið. Í september fengum við TMT námskeið fyrir alla starfsmenn á starfsmannafund frá skólaþjónustunni. Fjórir starfsmenn sem ekki hafa farið á Jákvæðan aga námskeið fóru tvo daga með leikskólanum á Hvolsvelli á innleiðingar námskeið í Jákvæðum aga. Einn erlendur starfsmaður tók þátt í Menntafléttu – íslenskuþorp í leikskólanum með góðum árangri. Tveir fóru á námskeið fyrir starfsfólk leikskóla á vegum Skjólaþjónustunnar. Leikskólastjóri sótti fræðslufundi um farsæld barna frá Barna og fjölskyldustofu (BOFS). Hlustað var á erindi frá Samtökum 78 um hinseginleikann á starfsmannafundi og síðan fóru allir starfsmenn á Haustþing FL og FSL sem haldið var á Selfossi. Starfsmenn gefa sér lítinn tíma til endurmenntunar á vinnutíma þar sem þeir finna að þegar þeir fara frá er hætta á undirmönnun og álag eykst á þá sem eftir eru.

Starfsumhverfi

Starfsumhverfi leikskólans er kannski ekki eins og best er á kosið eins og kom fram í ytra mati vorið 2021 en verið er að skoða það. Vonandi fer sú vinna fljótlega í gang og gerðar verða úrbætur. Það sem er brýnast í dag er þvottaraðstaðan. Finna þarf stað í húsinu þar sem bæði er hægt að hafa þvottavél og þurrkara og þá líka í gangi á sama tíma en eins og staðan er í dag er það ekki hægt þar sem rafmagn slær þá út. Þvottavél sem leikskólinn á og aðgangur að þurrkara er í sitthvorum enda byggingarinnar sem skapar langa „göngutúra“ fyrir starfsmenn og meðan þeir hlaupa endana á milli eru þeir ekki með börnunum. Einnig þarf að huga að tímum í íþróttasal skólans en grunnskólinn er farinn að nota hann meira en áður. Gott væri ef hægt væri að skipta salnum með tjaldi en þá gætu tveir hópar verið þar á sama tíma.

Barnahópurinn

Þann 1. maí voru 46 nemendur við skólann. 25 barn var eldri deildinn og 21 á yngri deildinni. Lang flestir nemendur eru íslenskir en sjö börn eru tvítýngd en eiga þau öll annað foreldri íslenskt. Níu börn hlutu sérkennslu og/eða stuðning á skólaárinu.

Árgangur	Stelpur	Strákar	Samtals
2017	7	5	12
2018	1	3	4
2019	5	4	9
2020	3	4	7
2021	5	6	11
2022	3		3
	24	22	46

Óskað hefu rverið eftir vistun fyrir 9 börn á næsta skólaári (upplýsingar í maí 2023) og fara 12 frá okkur í grunnskóla.

Foreldraráð

Fjórir fulltrúar foreldra skipa foreldraráð/foreldrafélag (Hans og Gréta) leikskólans á Laugalandi. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins í september ár hvert. Foreldraráð starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Hlutverk foreldraráðs er:

- Að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2 mgr. 5. gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. (fylgiskjal 1)
- Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.
- Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldrar barna á Leikskólanum Laugalandi geta leitað beint til foreldraráðsins ef málefni eru þess eðlis að foreldrar vilja ekki leita til leikskólans beint. Foreldraráðið metur hvert tilfelli fyrir sig og ákveður, á fundi, framhald málsins, hvort það sé tilkynnt leikskólastjóra leikskólans eða hvort nauðsyn þykir að hafa samband við Odda bs. Foreldraráð starfar sjálfstætt og heldur fundi eins og fulltrúar ráðsins telja þörfina vera en vinna samt sem áður í góðri samvinnu við leikskólastjóra.

Áherslur í starfi leikskólans skólaárið 2023-2024

Helstu áherslur í skólastarfi næsta skólaárs verða svipaðar þeim sem hafa verið sl. ár og verður haldið áfram að vinna með Jákvæðan aga.

Í leikskólanum hefst undirbúningur fyrir lestrarnám og verða áfram sérstakar stundir til að efla þennan þátt inni í dagskipulagi skólans (s.s. Lubbastundir). Þar er byrjað að móta jákvæð viðhorf til læsis og bóka. Unnið verður að eflingu máltjáningar og frásagnarhæfni. Einnig verður unnið með orðaforða og hann efldur ásamt málskilningi og eins verður unnið með hlustun. Allt þetta er gert í gegnum leik, lestur, söng og almenn samskipti. Daglega eru lestrarstundir, börnin hvött til að tala og segja frá. Í leikskólanum er einnig læsishvetjandi umhverfi og sett fram leikefni sem hvetur til lesturs og ritunar. Sérstakt læsisátak verður á báðum deildum í samstarfi við foreldra. En það er áhyggjuefni hvað fáir foreldrar lesa orðið fyrir börn sín. Áætlað er að fara í að uppfæra læsisstefnu leikskólans í samvinnu við grunnskólann. Eftir því sem börnin eldast er unnið markvisst með hljóðkerfisvitund og í septembermánuði, á síðasta skólaári barnsins, er lagt fyrir HLJÓM próf sem metur hljóð- og

málvitund leikskólabarna. Einnig verður áfram unnið með Blæ vináttuverkefnið, yoga og Hugarfrelsisnámssefnið.

Á næsta skólaári verður aukin áhersla á stærðfræði og hefur leikskólinn keypt skimunarefni sem kallað er MIO en það er sérstaklega gert fyrir leikskóla. Þá verður hvert barn skimað þrisvar á leikskólagöngunni og fer skimun fram við daglegar athafnir og starf í skólanum. Allir starfsmenn deildanna geta tekið þátt í matinu. Matið nær til þriggja meginsviða stærðfræðinnar sem eru þrautalausnir, rúmfræði og talning og fjöldi.

Umhverfisfræðsla er öflug í leikskólanum og er börnunum kennt að vernda náttúruna. Það verður unnið með þeim að þessum þáttum m.a. í samverustundum og svo var farið í s.k. „Úti er ævintýri“ ferðir fast einu sinni í viku (útikennsla). Náttúran og umhverfið verður skoðað og ýmis fræðslumyndbönd eru kynnt fyrir börnunum. Sorp er flokkað að hluta til svo börnin kynnist endurvinnslu og hvað hún felur í sér. Í skapandi starfi er reynt að endurnýta umbúðir og annað sem til fellur. Markmiðið er að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu og kynnist hringrás hennar. Börn sem þekkja náttúruna og eiginleika hennar eiga auðveldara með að vinna með náttúrunni. Í útivistinni fá börnin tækifæri til að róta og sulla í mold og vatni og er stóri leikvöllurinn tilvalinn til þannig leikja. Notuð eru fjölbreytt efni úr náttúrunni til að vinna úr t.d. mold, vatn, steinar, laufblöð, blóm, sprek o.s.frv. Inni fá þau líka að sulla og gera tilraunir með vatn.

Börnin fá tækifæri til að kynnast nágrenni skólans en þar er trjágróður, fiskeldi, sauðfé, hross og mikið fuglalíf ásamt hólum, móm og túnum. Með því að kynnast þessum hlutum í hópi annara barna, með stuðningi kennara, læra þau að virða og annast náttúruna. Einnig er áætlað að börnin vinni að ræktun s.s. sá fræum og rækta grænmeti og blóm.

Íþróttir og hreyfing eru hluti af stundaskrá og æfingum sem henta hverjum hópi. Einnig er gefinn rúmur tími fyrir frjálsan leik sem er börnunum mikilvægur.

Við höldum áfram að vinna eftir nýju handbókinni okkar „Málörvun – alltaf alls staðar“ sem varð til við gerð þróunarverkefnisins um snemmtæka íhlutun með áherslu á málþroska og læsi. Á skólaárinu verður handbókin uppfærð.

Tónlist er mikilvægur þáttur í öllu starfi skólans og samstarf við Tónlistarskóla Rangæinga mun halda áfram með elstu nemendum leikskólans. Einnig fá börnin sérstaka tónlistartíma með starfsmönnum leikskólans.

Áhersla er á samstarf við foreldra. Haldinn er foreldrafundur í upphafi skólaárs og fá foreldrar þar kynningu af starfi skólaársins. Boðið verður upp á foreldraviðtöl í mars auk þess sem starfsmenn eru ávalt reiðubúnir að að taka á móti og hlusta á foreldra varðandi uppeldi barna þeirra. Á báðum deildum er lögð sérstök áhersla á samskipti við foreldra þegar komið er með börnin og þegar þau eru sótt. Helsti samskiptamáti fyrir utan dagleg samskipti er lokaða Facebook síða skólans en það er sá upplýsingamáti sem foreldrar hafa óskað eftir. Foreldraráð / foreldrafélag leikskólans fundar nokkrum sinnum yfir skólaárið og skipuleggjur ýmsar uppákomur í samráði við leikskólastjóra.

Umbótum frá ytra mati sem gert var vorið 2021 er nær lokið en ekki hefur náðst að ljúka námsmatshandbókinn sem stefnt var á að ljúka núna í vor. Handókin er langt komin og verður henni vonandi lokið seinna á þessu ári eða fyrir áramót. Það eina sem stendur þá út af umbótaáætluninni er það sem snýr að starfsumhverfi skólans og snýr að sveitarfélögunum. En það er þátturinn „Leita þarf leiða til að sameina alla starfsemi leikskólans á einum stað í

sameiginlegu húsnaði leik- og grunnskólans og finna betri lausn á staðsetningu og aðbúnaði á útileiksvæði.“

Starfsáætlun 2023-2024

Hérna kemur starfsáætlun fyrir starf leikskólans næstkomandi skólaár 2023-2024 en hún er einskona leiðarvísir fyrir komandi starf. Tilgangurinn er m.a. að gera skólaþróun leikskólans markvissa og sýna að skólinn vinni að grunnpáttum menntunar. Einnig að það sé gert ráð fyrir mati á starfinu sem á að vera umbótamiðað. Starfsáætlun sýnir starfsfólki, foreldrum og rekstaráðilum hvernig áætlað er að starfið muni verða og hafa starfsmenn og foreldrar komið að vinnu við þessa áætlun og sama gildir um leikskóladagatal. (fylgiskjal 2)

Júlí	Sumarlokun fimm vikur.
Ágúst	Aðlögun nýrra barna og viðtöl við nýja foreldra. Áhersla á útileiki, útivist og skógarferðir. Hjóladaður áður en grunnskólinn byrjar. Tónlistarskóli fyrir elstu börnin, fædd 2018, byrjar. Stundaskrár gerðar klárar og verkefnum úthlutað til starfsmanna fyrir veturinn. Einstaklingsáætlanir yfirfarnar og skipulag sérkennslu sett upp. Dagskipulag deildanna endurskoðað. Farið yfir umbótaáætlun á starfsmannafundi og rætt hvernig unnið verði að henni á þessu skólaári. Menntadagur Odda áætlaður 18. Ágúst.
September	Útileikir, unnið með haustið. Evrópskur tungumáladagur þar sem fjallað er um önnur tungumál öðruvísi hefðir og menningu. Foreldrafundur, foreldraráðsfundur. Samvinna við grunnskóla hefst s.s. skólaheimsóknir þar sem elstu börn byrja að mæta tvisvar í mánuði í dagskóla með yngstu börnum grunnskóla og tvisvar í mánuði í kennslustund með 1. bekk. Íþróttaskólinn einu sinni í viku (sundkennsla). Leikskólaval (nemar úr grunnskóla koma einu sinni í viku í tvo tíma). Byrjað að vinna markvist eftir stundaskrá vetrarins (Bína, Lubbi, Blær, árgangastarf, útikennsla, tónlist, íþróttir o.fl.). Hljómpróf lögð fyrir elsta árganginn. MIO stærðfræðiskimun kynnt starfsmönnum. Farið yfir áfalla- og rýmingaráætlun með starfsfólki, einelti og jafnrétti. Einnig er starfsmönnum kynntar verklagsreglur varðandi tilkynningarskyldu við barnaverndaryfirvöld. Starfsmannasamtöl eða snerpusamtöl (fyrrri hluti starfsmanna) þar sem fjallað er um líðan, stjórnun, liðsheild og starfsanda. Haustþing FL og FSL 29. september á Hvolsvelli.
Október	Aðlögun heldur áfram á yngri deild. Kirkjuskóli hefst með sr. Halldóru. Kofasmíði o.fl á stóra leikvellingum. Bangsadaður. Bleikur dagur og búningadagur (Halloween). Starfsmannasamtöl þar sem fjallað er um líðan, stjórnun, liðsheild og starfsanda.
Nóvember	Dagur íslenskrar tungu þar sem 1. og 2. bekkur grunnskólans koma í heimsókn. Unnið með þulur, ljóð og íslenska menningu. Jólaundirbúningur hefst s.s. með gerð adventukrans, jólapappírs, jólakort og jólagjafir til foreldra. Jólaleikrit (Grýla og jólasveinarnir) í boði foreldrafélags

leikskólans. Lestraráttak sett í gang á báðum deildum. Bangsadagur 27. nóvember. Meta líðan barna, tengslakönnun. Starfsmannasamtöl eða snerpusamtöl (fyrrri hluti starfsmanna) þar sem fjallað er um líðan, styrkleika starfsmanns og eitthvað sem starfsmaður vill eða þarf að ræða. Starfsdagur 20. nóvember sem er nýttur til undirbúnings starfsins.

Desember

Piparkökubakstur og foreldrakaffi. Margvíslegur jólaundirbúningur, jólagjöfum pakkað, skólinn skreyttur, jólaball í leikskólanum og grunnskólanum, generalprufa fyrir jólaskemmtun, og jólasprellsvika. Farið með kakó og piparkökur út í skóg með börn á eldri deild og elstu börn á yngri deild. Foreldrafélagið sér um „jólasmaveru“ barna og foreldra.

Janúar

Þorablót á bóndadaginn 19. janúar. Börnin æfa skemmtiatriði, læra þulur, íslenskar vísur og svo verður harmonikkuleikur og dans. Unnið með þjóðsögur og áhersla verður á menningu og þjóðlega siði. Vasaljósadagur. Íslenski þroskalistinn lagður fyrir foreldra allra fjögurra ára barna. Mot-hreyfiþroskapróf lögð fyrir börn fædd 2018 og 2019. Hljómpróf lagt aftur fyrir þau börn sem komu slök út í prófinu í september (ef einhver eru). Vinahringur (ath. hvort að öll börn séu ekki örugglega inni í innsta hring hjá a.m.k. einum starfsmanni). Unnið með veturinn. Gert áhættumat fyrir leikskólann. Starfsdagur 2. janúar notaður til fræðslu, funda og undirbúnings á starfi vorannar. Starfsmannasamtöl eða snerpusamtöl þar sem fjallað er um líðan, styrkleika starfsmanns og eitthvað sem starfsmaður vill eða þarf að ræða.

Febrúar

Tannverndarvika og unnið með þema um næringu, hollustu og heilsu. Fæðuhringurinn kynntur. Bakaðar bollur, „Dagur leikskólans“ haldinn hátíðlegur og ömmum og öfum boðið að koma í kaffi. Unnið að einhverju þema í samráði við börnin í kringum Dag leikskólans. Búningadagur. Unnið með þjóðlegt efni. Bolludagur. Starfsmannasamtöl eða snerpusamtöl fjallað um líðan, tækifæri til vaxtar og eitthvað sem starfsmaður vill eða þarf að ræða. Bolludagur, sprengidagur og öskudagur. Hálfur öskudagur e.h. nýttur sem starfsdagur þar sem foreldraviðtöl eru undirbúin.

Mars

Foreldrasamtöl. Sögugerð og ljóð á eldri deild. Starfsmannasamtöl eða snerpusamtöl fjallað um líðan, tækifæri til vaxtar og eitthvað sem starfsmaður vill eða þarf að ræða. Páskaföndur. Jafnréttisvika.

Apríl

Unnið með vorið. Vika regnbogans, fræðsla um einhverfu og fjallað um fjölbreytileikann, jafnrétti o.fl. Ræktun, sáð fræjum. Foreldrakönnun lögð fyrir foreldra og sjálfsmat lagt fyrir starfsmenn og börn. Að þessu sinni verður spurt um mannauð, leikskólabrag og uppeldis- og menntastarf. Umhverfisvernd og góðgerðarstarfsemi. Starfsmannasamtöl eða snerpusamtöl fjallað um líðan og hvernig starfsmaður myndi vilja sjá leikskólann fyrir sér ef hann mætti stjórna. Starfsdagur 26. apríl.

Mái

Útileikir, útskriftarferð, vorhátíð og útskrift, vettvangsferðir í næsta nágrenni. „Vorskóli“ elstu börn og nemendaskipti, en þá koma nokkrir

nemendur úr grunnskólanum og elstu nemendur leikskóla fara upp í grunnskólann. Sauðburðardagur, vettvangsferð með börn af eldri deild. Fuglaþema/náttúran. fjallað um líðan og hvernig starfsmaður myndi vilja sjá leikskólann fyrir sér ef hann mætti stjórna. Úrvinnsla kannana. Ársskýrslugerð. tarfsdagur 17. maí m.a. metið starf vetrarins.

Júní

Áhersla á útileiki, og útivist, vettvangsferðir í næsta nágrenni skólans. Vettvangsheimsóknir á sveitabæi í sveitinni. Foreldrafélagið skipuleggur fjöruferð, fjölskylduferð þar sem foreldrar og systkini fara saman í Stokkseyrarfjöru. Gönguferð („gangan langa“ hálfur dagur) upp á Nefsholtsheiði og tekið með sér nesti. Gróðursett tré í Ásabrekku með Skógræktarfélagi Rangæinga. Hjóladagur. Skilafundur vegna elstu barna sem fara yfir á næsta skólastig (ef ekki að vori þá í ágúst í samráði við grunnskóla).

Þetta er, eins og fram kemur í inngangi kaflans, áætlun til að ramma starfið inn og gæta þess að unnið sé markvisst eftir aðalnámskrá leikskóla. Einstaka liðir geta breyst vegna aðstæðna og einnig er hlustað á börnin, þau höfð með í ráðum og þeirra hugmyndir og óskir teknar til greina við skipulagningu starfsins.

Fylgiskjöl


1. Umsögn foreldrafélagsins
2. Skóladagtal fyrir skólaárið 2023-2024


Laugalandi 16. maí 2023

Sigrún Björk Benediktsdóttir
Leikskólastjóri


Leikskólinn Laugalandi

VISKA



 Vissu er
 þú
 að vita
 að þú
 ert
 þetta...





 Ég sá
 þu
 þetta
 af
 þess
 vegna
 þess!

VINÁTTA


 Þessa
 Hverdur...

VIRÐING


 Sjáðu
 virðingu
 og
 hvernig
 hjóla
 virðingu!




 Sjá
 kyn...

Bida...
HLUSTA...